Karin Sander
1957–2057
Listasafn Reykjavíkur
Hafnarhús



30.05.–20.09.2026

Inngangur

Listasafn Reykjavíkur er stolt af því að kynna *1957–2057*, viðamikla sýningu Karinar Sander sem er hluti af Listahátíð í Reykjavík. Sýningin sameinar verk frá ólíkum tímabilum á ferli Karinar ásamt nýjum verkum sem unnin eru á Íslandi og býður þannig upp á yfirgripsmikið og aðgengilegt yfirlit yfir listsköpun eins fremsta konseptlistamanns Þýskalands.

Verk Karinar breyta því hvernig við sjáum hversdagslega hluti og gera kunnugleg rými og aðstæður að nýstárlegri upplifun. Frekar en að setja fram eitthvað fastmótað bjóða verk hennar gestum gjarnan að verða hluti af þeim. Með fíngerðri og nákvæmri íhlutun vekur hún athygli á þáttum sem við myndum annars líta framhjá og hvetur okkur til að hugsa upp á nýtt um hvernig við upplifum heiminn. Mörg verkanna byggjast á þátttöku áhorfenda eða mótast af umhverfi sínu, þannig að sýningin er stöðugt að þróast eftir því sem fólk fer um hana.

Karin Sander (f. 1957) býr og starfar í Berlín og hefur ræktað sterk tengsl við Ísland í meira en

þrjátíu ár. Landið hefur bæði verið vettvangur þar sem hún vinnur ný verk og vísar til í listsköpun sinni. Sýningin endurspeglar þetta langa samband og inniheldur verk sem hafa orðið til á ólíkum stöðum víða um land og bregðast beint við landslagi þess, umhverfi og menningarlegu samhengi.

Lykilþáttur í sýningunni *1957–2057* eru staðbundnir eiginleikar, hvernig verk tengjast því umhverfi sem þau eru í, bæði efnislega og huglægt. Í Listasafni Reykjavíkur virkjar sýningin sjálft húsið, með verkum sem bregðast við byggingarlist þess og staðsetningu í borginni.

Neonverk notar hnit úr Google Earth til að staðsetja gesti innan safnsins, á meðan önnur verk beina athyglinni að yfirborði, burðarvirki og jafnvel framvindu tímans í rýminu. Á sýningunni má einnig sjá nýjar „Nytjamyndir", sem eru partur af málverkaröð Karinar yfir lengra tímabil. Fyrir þessa sýningu voru hvítir grunnaðir strigar staðsettir víða um Ísland, og urðu þannig til verk sem endurspegla fjölbreytt landslag landsins og síbreytilegar aðstæður.

Þátttaka gegnir mikilvægu hlutverki í allri sýningunni. Í *Safngestum 1:7*, einu umfangsmesta langtímaverkefni Karinar, er gestum boðið að láta skanna sig og umbreyta sér í smækkaðar þrívíddarstyttur. Eftir því sem líður á sýninguna safnast þessar styttur í sívaxandi innsetningu sem gerir áhorfendur sýnilega í rýminu og umbreytir nærveru þeirra í hluta verksins.

Á ferli sínum hefur Karin rannsakað hvernig tími, umhverfi og samhengi móta bæði hluti og fólk. Verk hennar ögra hefðbundnum hugmyndum um höfundarhlutverk og varanleika og leggja áherslu á ferli, breytingu og gagnvirkni. Með því að nýta hversdagsleg efni, byggingarþætti og stafrænar aðferðir skapar hún aðstæður þar sem listin verður til í upplifuninni fremur en að vera mótuð fyrirfram. *1957–2057* varpar ljósi á einstaka nálgun listamannsins á efni, rými, tíma og þátttöku og hvetur gesti til að velta fyrir sér eigin hlutverki innan sýningarinnar – og í víðara samhengi.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir og
Markús Þór Andrésson, sýningarstjórar






Ásýndir Identities on Display
2013/2026
Sýningarskápar með snögum, herðatrjám og myntlæsingu; viður, gler, málmur
200 × 80 × 60 cm; 120 × 60 × 80 cm

Sýningargestum er boðið að hengja af sér og geyma persónulega hluti í sýningarskápum í anddyri safnsins. Í hverjum skáp er athyglinni beint að hversdagslegum eigum gesta, sem um leið verða að sýningargripum og öðlast listrænt gildi. Mismunandi jakkar, úlpur og töskur eru til staðar á meðan eigendurnir dveljast í safninu, vandlega varðveittir hlutir en sýnilegir öllum gestum. Fötin endurspegla persónuleika eigendanna og draga upp mynd af einstaklingum sem eru fjarverandi. Þau gefa til kynna árstíð, aldur og uppruna gestanna í safninu, fjölda þeirra og mögulega þjóðerni. Hér er það samhengi safnsins og listarinnar sem hefur áhrif á það hvernig hlutir, upplýsingar og persónuleikar birtast, án þess að listamaðurinn setji mark sitt á þá. Með þessari áherslu á framsetningu fremur en íhlutun dregur Karin Sander fram hvernig merking verður til í samhengi sýningarinnar sjálfrar.





Öll lýsingarorð í Wikipediu-færslu um Karin Sander, sótt 3.3.2026 All adjectives from the Wikipedia entry about Karin Sander, retrieved: 20.4.2026
2022/2026
Límstafir
Mismunandi stærðir

Í veggverkinu tiltekur Karin Sander öll lýsingarorð sem finna má á Wikipedíu-síðum um hana sem listamann í íslenskri og enskri útgáfu. Orðin eru tekin úr upprunalegu samhengi og sett fram sjónrænt þannig að þau passi á tiltekinn vegg sem safnið nýtir jafnan til upplýsingagjafar. Upptalningin gefur hugmynd um listamann – ekki með myndum, heldur með tungumáli og lýsingu. Verkið beinir athyglinni að því hvernig ímynd listamanns verður til í gegnum orðfæri, endurtekningar og – í tilfelli Wikipedíu – sameiginlegrar ritstýringar. Í stað þess að skilgreina sjálfa sig eða nýta orðfæri safnsins leyfir Karin þessu opna kerfi ólíkra höfunda að gera það, og eins og sést í verkinu er menningarmunur á milli tungumála og svæða. Með því að draga aðeins fram lýsingarorðin undirstrikar Karin hvernig orðræða mótar í kyrrþey orðspor, vald og merkingu. Hér umbreytir hún lýsandi tungumáli í efnislegt spor skynjunar og nærveru.





Safngestir 1:7 Museum Visitors 1:7
2026
Þrívíddarprent af skönnuðum safngestum, gifsefni
Stærð 1:7

Verkið er hluti af röð verka sem listamaðurinn hefur unnið á ýmsum stöðum í heiminum. Safngestir eru skannaðir með þrívíddar-líkamsskanna. Stafrænu upplýsingarnar eru síðan unnar og sendar í þrívíddarprentara sem endurskapar gestina í gifsefni. Heiti verksins, *Safngestir 1:7*, vísar til hlutfalls útprentuðu skúlptúranna í afstöðu við líkamann. Ferlið tekur sinn tíma eftir sjálfa myndstökuna, hin skannaða mynd er samsett, yfirfarin og prentuð nokkrum dögum síðar. Þegar skúlptúrarnir hafa verið yfirfarnir er þeim komið fyrir í salnum og mynda saman þverskurð af safngestum sem stækkar og þróast jafnt og þétt á sýningartímabilinu. Mannsmyndirnar eru nákvæm eftirmynd sem fangar einstaklingsbundin einkenni, klæðnað, líkamsstöðu og látbragð, í svarthvítum litaskala. Þessar fígúrur eru í senn kunnuglegar og fjarlægar, nafnlaus hópur en einnig einstaklingar með persónuleg einkenni, virkir áhorfendur sem breytast í hljóðláta sýningargripi.





Færanlegir áhorfendapallar Mobile Spectator Stand
2021
ÁI
160 × 1500 × 180 cm

Verkið felst í áhorfendabekkjum sem er stillt upp eftir endilöngum sýningarsalnum. Óljóst er hvort þeir tilheyra innviðum safnsins, eru hluti af innsetningu þrívíddarskönnunarinnar, eða listaverk í sjálfu sér. Með því að fella setusvæði inn í uppsetninguna beinir Karin Sander athygli að hlutverki áhorfandans og líkamlegri nærveru hans innan rýmisins. Bekkirnir kalla fram hvíld, bið og athugun, en um leið verða þeir hluti af sjónrænu samhengi sýningarinnar. Áhorfandinn tekur sér stöðu, bæði bókstaflega og huglægt, og verður þannig virkur þátttakandi en líka hluti af lifandi uppstillingu. Á bekkjunum gefst áhorfendum tækifæri til þess að nota síma sína til þess að hlusta á leiðsögn um sýninguna í heild.





64°08‘56.9“N 21°56‘27.3“W
2015/2026
Staðsetningarhnit Listasafns Reykjavíkur – Hafnarhúsi
Límstafir
240 cm

Texti á vegg vísar beint til nákvæmrar hnattstöðu Listasafns Reykjavíkur – Hafnarhúss með landfræðihnitum. Með því að nota töluleg hnit sem titil og viðfangsefni verksins umbreytir Karin Sander einfaldri staðsetningu í huglægt og listrænt viðfangsefni og beinir athyglinni að því hvernig staðir eru skilgreindir, merktir og skynjaðir. Staðsetning byggð á lengdar- og breiddarbaugum Jarðarinnar er manngert kerfi sem búum við og skilgreinir tilveru okkar. Þessar einföldu og nákvæmu upplýsingar gera hið ósýnilega sýnilegt og kalla á hugleiðingar um það hvernig við upplifum okkur í heiminum. Verkið er í eðli sínu eins staðbundið og hægt er að hugsa sér og getur ekki verið til utan þessa eina staðar án þess að ásýnd þess breytist. Á sama tíma hefur það endalausa möguleika aðlögunar, en þegar það er sett upp á nýjum stað breytast hnitin og titillinn.





Nytjamyndir, Ísland Patina Paintings, Iceland
2025–2026
Strigi á blindramma, hvítur grunnur
Ýmsar stærðir

Nytjamyndirnar voru gerðar í tilefni þessarar sýningar yfir allt síðastliðið ár. Hvítum, grunnuðum málarastrigum af ýmsum stærðum var komið fyrir víða um land, bæði í byggð og ósnortinni náttúru, og þeir látnir veðrast um nokkurn tíma. Málverkin eru mótuð af umhverfi sínu og aðstæðum, veðri og vindum eða inngripi dýra og manna sem áttu leið hjá. Tilviljun og tími vinna þannig að sköpun listaverkanna án afskipta listamannsins. Málverkin sem sýnd eru hér bera með sér spor eftir loftslag, veðurfar, raka, seltu og mengun í formi aðskotahluta, litbrigða, áferðar og jafnvel lyktar. *Nytjamyndir* beina athyglinni að hugmyndum um ferli fremur en lokaform, og að málverki sem skrásetningu staðar og tíma. Hugur áhorfenda berst í gegnum málverkið á ólíkar slóðir og maður skynjar ferðalag frá einu verki til annars. Nokkur málverk hanga enn utan á Hafnarhúsi og veðrast á meðan sýningin stendur.

Listasafnið á Akureyri
nóvember 2025 – apríl 2026
145 × 200 cm

Undirgöng við Miklubraut
október – desember 2025
250 × 400 cm

Sælufossvirkjun í Ásgarðsá,
Kerlingarfjöllum
ágúst 2025 – maí 2026
50 × 40 cm
50 × 40 cm

Kofi landvarðar,
Kerlingarfjöllum
ágúst 2025 – maí 2026
40 × 50 cm

Hallormsstaðaskógur
september 2025 – apríl 2026
145 × 200 cm

Fjárhús að Brúnum
við Eyjafjörð
janúar – apríl 2026
145 × 200 cm
40 × 50 cm

Seltún, Krýsuvík
maí 2026
100 × 145 cm

Þingvallavatn
október 2025 – maí 2026
250 × 400 cm





















Þrívíddarprent af *Herðubreið* (1992) eftir Stórval (Stefán V. Jónsson) 3D Inkjet Print of the Painting *Mt. Herðubreið* (1992) by Stórval (Stefán V. Jónsson)
2026
Marglitað þrívíddarprent, gifsefni, blek
24,8 × 26,5 × 2 cm

Alþýðulistamaðurinn Stórval (Stefán V. Jónsson, 1908–1994) málaði fjölda mynda af fjallinu Herðubreið. Höfundareinkenni hans og mikil málverkaframleiðsla eru vel þekkt á Íslandi. Fyrir Stórval var Herðubreið ekki aðeins landslag heldur persónuleg tenging við uppruna sinn á Möðrudalsöræfum. Listsköpun hans byggðist ekki á leit að nákvæmri eftirmynd heldur endurtekningu sem styrkti táknrænt gildi fjallsins. Hér hefur Karin Sander þrívíddarskannað og prentað eitt af dæmigerðum málverkum Stórvals. Hlutföll og litir bjagast en mótífið er augljóst. Hún tekur tvívíða útfærslu listamannsins af landslagi og útfærir í þrívídd, umbreytir málverkinu í lágmynd þar sem pensilskrift og rammi verða hluti listaverksins. Rétt eins og sjá má í verkunum *Hugmyndavíðáttur (Ideoscapes)* á sýningunni tekst Karin á við hugmyndir um staði og tengingu okkar við þá.





Hænuegg, pússað, hrátt, stærð 0
Chicken Egg, Polished, Raw, Size 0
1994
Hænuegg, hrátt
6 × 4,5 × 4,5 cm

Yfirborð hænueggs er pússað þangað til það verður alveg slétt, glansandi og áferðarlaust. Hversdagslegt egg verður að nánast gagnsæjum hvítum skúlptúr sem drekkur í sig umhverfi sitt. Tært eggið og einfalt form þess mæta stöplinum og gefa til kynna það sem er inni í egginu með mjúkum gulum blæ þar sem eggið og stöpullinn snertast. Hér umbreytir Karin Sander hverfulum, hversdagslegum hlut, neysluvöru úr daglegu lífi, í listaverk. Viðkvæmni þess og skammur líftími eru í mótsögn við hefðbundnar hugmyndir um varanleika listarinnar.





Gluggi A4 < A3 Window A4 < A3
2018/2026
Skurður í vegg; 29,7 × 21 cm (A4), 42 × 29,7 cm (A3)

Gluggi er skorinn í vegg sýningarsalarins þannig að innviðir veggjarins verða sýnilegir. Glugginn er að utan í stærð A4-blaðs en að innan í stærð A3-blaðs. Sjónsviðið víkkar þannig út með fjarvíddaráhrifum í átt inn á við. Í salnum er glugginn í augnhæð, líkt og málverk væri hengt þar upp. Gluggaopið er skorið beint inn í vegginn og hefur engan ramma en skörp brúnin og dýptin inn í vegginn valda því að útskorinn veruleikinn virðist vera sjónhverfing. Fyrir Karinu Sander er glugginn vísun í huglæga samtvinnun listar og arkitektúrs þar sem eiginleikar verksins eru órjúfanlega bundnir staðsetningu þess. Verkið kallast á við annað inngrip hinum megin í næsta sal og saman draga þau fram massífa eiginleika hins gamla vöruhúss sem þau eru hluti af.






Eldhúsverk Kitchen Pieces
2012/2026
Ávextir og grænmeti, stálnaglar
Mismunandi stærðir

Grænmeti og ávextir, svo sem kartöflur, epli og blómkál, eru færð inn í heim myndlistarinnar með því einfaldlega að hengja þau upp á vegg í sýningarsal. Við þekkjum þessa neysluvöru úr sígildum málverkum, í uppstilltum kyrralífsmyndum, en hér færir Karin Sander þennan efnivið daglegs heimilishalds millilíðalaust inn á svið myndlistar. Á sýningartímabilinu verður náttúrulegt niðurbrotsferli matvælanna hluti verksins og það þróast með tímanum – litir, áferð og lykt taka breytingum. Í þessu verki eru ómeðhöndluð náttúruleg fyrirbæri sýnd en ekki eftirmyndir þeirra. Þannig skapast ákveðin spenna og jafnvel ruglingur í listrænu samhengi. Með þessari nálgun leggur Karin áherslu á tímabundið eðli, umbreytingu og óskýr mörk listar og daglegs lífs. Í verkinu felst íhugun um efnisgildi, skynjun og fagurfræðilega möguleika hins venjulega og forgengilega.






Veggverk 42 × 29,7 (A3) Wall Piece 42 × 29,7 (A3)
1986/2026
Pússuð veggmálning
42 × 29,7 cm

Veggverk er skapað úr sjálfu sýningarrýminu, bæði í efnislegum og merkingarbærum skilningi. Í stað þess að listaverk sé borið inn í safnið og komið fyrir á veggnum vinnur Karin Sander beint með yfirborð veggjanna í salnum. Með því að pússa og slípa er örþunnt lag af málningu fjarlægt af veggnum og eldri málningarlög koma í ljós. Allar misfellur eru máðar út með örfínum sandpappír og eftir stendur glansandi flötur. Með þessari lágmarksíhlutun umbreytist hluti veggjarins úr hlutlausum bakgrunni í sjálfstætt listaverk. Verkið dregur fram eiginleika rýmisins og vekur athygli á því hvernig arkitektúr, efni og ljós móta sjónræna upplifun okkar. Með því að vinna innan rýmisins frekar en að fylla það minnir Karin á að list getur falist í því að afhjúpa það sem þegar er til staðar.





Hugmyndavíðáttur Ideoscapes
2023
Marglitað þrívíddarprent úr þrívíddargögnum
Google Earth, gifs
Ýmsar stærðir

Þrívíddarprentaðir skúlptúrar af landslagi byggðir á stafrænum gögnum sýna nafngreinda staði í íslenskri náttúru. Gögnin eru sótt beint úr landrýmisgögnum Google Earth. Karin Sander nálgast þessi stafrænu gögn sem fundna hluti og felst íhlutun hennar aðeins í meðvituðu vali staðsetningar. Hún afmarkar gögn í þeirri stærð sem nær að fanga náttúrufyrirbærin en er innan tæknilegra marka þrívíddarprentunar. Verkin eru litaðar „augnabliksmyndir" í þrívídd, byggðar á gögnum sem varðveita ákveðna útgáfu af stafrænum veruleika. Verkin bera líka með sér huglægari víddir og vísa til hugmynda sem tengjast staðarheitum, sögu, pólitík og táknmynd hvers staðar. Samtímalandslag er í vaxandi mæli mótað, því miðlað og það skynjað í gegnum gagnakerfi og myndræna framsetningu. Hér eru stafrænu upplýsingarnar forsenda verkanna í sýningarsalnum þótt staðirnir sem þau sýna beri með sér aðrar víddir, svo sem ljós og skugga, eða huglæg og jafnvel háleit tengsl við náttúruna.





Hárteikningar Hair Drawings
1998
Úrval teikninga úr röð 970 verka,
970 hár úr 122 einstaklingum, pappír
27,9 × 21,6 cm, í ramma 45,3 × 38,7 cm

Afar ólík höfuðhár úr tugum einstaklinga mynda tilviljunarkenndar línuteikningar. Hárin eru slitin frá rótum, en ekki klippt, og síðan dregin hvert fyrir sig í gegnum þurrt lím, látin falla á blað og festast þá á yfirborðið hvert með sínum hætti. Hárin eru ólík að lit, þykkt, lengd og áferð, og úr þeim verður til nær óendanleg fjölbreytni lína, sem eru svipaðar og línur teiknaðar með blýöntum af mismunandi hörku og breidd. Línurnar mynda áreynslulausa heildarmynd sem minnir á form landslags, fjallshlíðar, dali og vötn. Hér má sjá úrval teikninga úr röð 970 verka sem safnað var úr 122 einstaklingum. Upphengi verkanna ræðst af því að sami einstaklingur kann að eiga nokkur hár í röð og skiptist ekki á milli lína.




Glerdropi 20B
Glass Drop 20B
2019
Gler
58 × 20 × 20 cm




Glerverk 93
Glass Piece 93
2022
Gler
37 × 17 × 12 cm

Karin Sander skapar verkið með því að láta bráðið gler drjúpa og storkna í dropalaga formi. Útkoman ræðst af lögmálum efnisins og aðstæðum á staðnum – þyngdarafli, hitastigi og yfirborðinu sem glerið fellur á. Formið á kældu glerinu er bæði afrakstur stjórnunar og tilviljunar, og minna droparnir jafnt á ís og hraunbráð. Verkinu hefur verið komið fyrir á óvæntum stað og beinir athyglinni að nærveru hluta, tengslum listar og arkitektúrs og þeirri fínu, en ögrandi, línu sem liggur milli sköpunar og skynjunar.



Sigrid 1930
2009
Stafvæddur kafli úr Pathé-kvikmynd frá 1930, 9,5 mm, hljóð, 0:36 mín



Sigrid
2018
Myndband, 5:32 mín


Myndböndin tvö eru nátengd yfir langt tímabil. Annars vegar er um að ræða örstutt myndskeið á filmubút frá 1930 sem sýnir stúlkubarn leika sér með bolta sem hún kastar frá sér og finnur aftur. Hins vegar nærmynd af höndum sömu manneskju undir lok ævi sinnar, árið 2018, þar sem hún situr og handleikur nuddbolta. Verkið ber með sér augljósa tilvísun í flæði tímans þar sem sömu hlutir og athafnir taka á sig nýja mynd allt eftir ytri og innri aðstæðum.






Að telja vatn Counting Water
1962/2000
Ljósmynd
36 × 26,8 cm, í ramma 55,8 × 46,6 cm


Karin Sander lítur svo á að fyrsta listaverk hennar sé frá árinu 1962, þegar hún var fimm ára gömul. Verkið er varðveitt í svarthvítri ljósmynd sem móðir hennar tók, *Að telja vatn*, þar sem listamaðurinn sem barn flytur vatn úr stórri fötu með litlu íláti yfir í brúsa og telur hvert skref. Þessi athöfn á unga aldri endurspeglar ævarandi tengingu Karinar við hversdagslegar athafnir og efni, þar sem hún kannar ferli mælinga, talningar og hljóðlátrar athugunar á veruleikanum í kringum okkur.





Kortatákn Map Icon
2026
Neonljós
150 × 95 cm

Tákn sem notað er til merkja staði í leiðsögukerfi Google er stækkað upp. Þetta kunnuglega tákn er yfirfært úr stafrænum heimi í raunheima og sett fram sem neonljósaverk. Með því að fjarlægja táknið úr hagnýtu samhengi sínu og færa það inn í sýningarrými breytir Karin Sander merkingu þess úr leiðsagnartæki í viðfang íhugunar. Einfaldað formið er auðþekkjanlegt, en upprunaleg virkni þess er ekki lengur til staðar. Þess í stað beinir það athyglinni að stað og stund, áhorfandanum í sýningarrýminu og spurningunni um skilgreiningar á rými, vægi þess og hlutverki í lífi einstaklinga. Verkið er staðsett á sýningunni nokkurn veginn á þeim stað sem Hafnarhús er merkt á Google Maps.





Símtalsmyndir Call Shots
2014–2026
Krómlitaprent
34,5 × 25,8 cm, í ramma 43,1 × 34,5 cm

Karin Sander nýtir sér oft tilviljun í listsköpun sinni sem leið til að sleppa tökum á stjórn, og leyfir þannig óvæntum atvikum og ófyrirsjáanlegum ferlum að móta lokaútkomuna. Fyrir þetta verk forritaði listakonan snjallsíma sinn þannig að hann tekur ljósmynd í hvert sinn sem hún svarar símanum. Á sama augnabliki skráir tækið staðsetningu sína í hnitum sem fylgja hverri mynd. Útkoman er verk sem tekur leik og tilviljun opnum örmum, ögrar meðvituðum fagurfræðilegum ákvörðunum og dregur fram tilviljunina sem skapandi afl.





Fólk á steinstöplum People on Stone Plinths
1987/2026
Steinsteyptir hellusteinar
24 x 16 x 13 cm, ýmsar stærðir


Þátttakendur standa á steinsteyptum hellusteinum á stærð við múrsteina. Sumar af þessum undirstöðum eru myndaðar úr tveimur eða þremur einingum sem staflað er hverri ofan á aðra og eru því hlutfallslega hærri en hinar. Í samanburði við hefðbundin hlutföll milli stalls og styttu virðast fígúrurnar alltof stórar fyrir stöplana sem þær standa á. Fólk á sér frjálslega líkamsstöðu, en leitast um leið við að halda jafnvægi. Þrátt fyrir að standa tiltölulega þétt saman í einbeitingu, mega mannsstytturnar ekki eiga samskipti sín á milli heldur mynda sjálfstæða skúlptúra.





Pensilstroka, rauð Brushstroke, Red
1998
Akrýl-málning
Ýmsar stærðir

Verkið er hluti af verkaröð sem hófst árið 1998 þar sem Karin Sander setur fram eina færanlega pensilstroku með rauðri akrýlmálningu. Strokuna má finna á mismunandi flötum, svo sem veggjum eða gluggum. Með þessu einfalda handtaki dregur listamaðurinn fram frumkjarna listrænnar gjörðar og kallar um leið fram sögu málverksins. Verkið er í senn huglægt og mínímalískt, þar sem málverkið er fært niður í grundvallarmerki sitt og beinir athyglinni að tengslum handverks listamanns og rýmis.



Hljóðverk (goshver) Audio Piece (Geyser)
2026
Silkiprent í samstarfi við Andreas Uebele og Atla Bender
59,4 × 84,1 cm (Din A1)

Verkið er handgert silkiþrykk (A1) þar sem íslenskum bókstöfum er raðað saman í myndræna heild sem kallar fram hljóðið í goshver. Samsetning stafanna fangar augnablikið þegar spenna safnast saman í kyrrð áður en hún springur í kraftmikilli hreyfingu sem minnir á gusu, suð og skell regndropa. Í þessari umbreytingu tungumáls í mynd opnast rými fyrir ímyndunaraflið. Verkið fjallar um getu tungumálsins til að miðla líkamlegri upplifun náttúrunnar, og hvernig slík upplifun breytist þegar hún er túlkuð og flutt á milli einstaklinga. Verkið er upplagsverk sem selt er í safnverslun í Hafnarhúsi og á vefnum.



Æviágrip
Karin Sander (f. 1957) býr og starfar í Berlín og Zürich og verið tíður gestur á Íslandi allt frá árinu 1993. Hún stundaði nám í Stuttgart og New York og hefur gegnt prófessorsstöðum við Kunsthochschule Berlin Weißensee og ETH Zürich. Verk hennar hafa verið sýnd á fjölmörgum einka- og samsýningum og myndlistarhátíðum víða um heim, þar á meðal á Museum of Modern Art og Whitney-safninu í New York, SFMOMA í San Francisco, Kunst Museum Winterthur í Sviss og í þjóðlistasafni Japans í Osaka. Árið 2023 var hún fulltrúi Sviss á Arkitektúrbíennalnum í Feneyjum ásamt list- og byggingarlistarsagnfræðingnum Philip Ursprung. Verk eftir Karinu eru í eigu helstu listasafna víða um heim, þar á meðal Listasafns Reykjavíkur og Listasafns Íslands. Hún hefur einnig unnið fjölda samkeppna og gert fjölmörg listaverka í almannarými, einkum í Þýskalandi og Sviss. Árið 2019 bar hún sigur úr býtum í samkeppni um listaverk í Vogabyggð í Reykjavík.

Hefti þetta er gefið út í tilefni sýningar Karinar Sander 1957–2057 í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi 30. maí til 20. september 2026.

Sýningarstjórn
Ólöf Kristín Sigurðardóttir og Markús Þór Andrésson

Hönnun
Ármann Agnarsson,
í samstarfi við Karin Sander og Andreas Uebele, büro uebele

Ljósmyndir
Vigfús Birgisson,
Karinu Sander og fleiri

Upplýsingar um leiðsagnir og aðra viðburði á heimasíðu safnsins
Stórir og smáir hópar geta bókað sérleiðsögn, hopar.listasafn@reykjavik.is

Studio Karin Sander, Berlin
Stefan Alber, Marcel Frey, Daniela Ihrig, Eckhard Karnauke, Alexander Wolframm

Sýningar- og uppsetningarteymi Listasafns Reykjavíkur
Aðalsteinn Stefánsson, Arnar Skarphéðinsson, Bjargmundur Ingi Kjartansson, Bryndís Erla Hjálmarsdóttir, Daði Rúnarsson, Erik Hirt, Hana Spendlikova, Kristín Helga Ríkharðsdóttir, Othoniel Muñiz, Owen Hindley, Ómar Sigurbergsson, Paulina Kaźmierczak, Philippe Clause, Sunna Ástþórsdóttir, Þorsteinn Eyfjörð

Eftirtaldir aðilar studdu gerð sýningarinnar
i8 gallerí
Esther Schipper, Berlin/Paris/Seoul

Sérstakar þakkir fá
Goethe Institute
Myndlistarsjóður
Safnasjóður
Listahátíð í Reykjavík

Þakkir
Listasafnið á Akureyri
BM Vallá
Borislav Baniar
Dirk Weber
Einar Gíslason
Finnbogi Pétursson
Gert Voigt og teymi
Guðlaugur J. Albertsson
Hafnarfjarðarbær
Harpa Árnadóttir
Íslensk Grafík
Jessica Auer
Joanna Maria Lagosz
Jörn Schafaff
Katrín Steinunn Antonsdóttir
Kerlingarfjöll hálendismiðstöð
Magnús Helgason
Martin Lauffer
Max Kapp, Andreas Uebele, büro uebele
Nicolas Rolle
Oliver Baumgart, Rocco Berger, Timothy Erley, Volker Oppmann, Otto Schreyer, René Strien, Botspot 3D Scan GmbH
Óttar Brjánn
Páll Borg
Ragna Róbertsdóttir
Ragnhildur Ástvaldsdóttir
Sassa Trülzsch
Sigurþór Heimisson
Sláturhúsið Menningarmiðstöð
Tom Neumann, 4D Service & Consulting GmbH
Victor Hjörvarsson
Viðar Bragi Þorsteinsson, Páll Gestsson, Helgi Hafsteinsson, Íslensk erfðagreining
Víðir Hólm Guðbjartsson
Þór Þorfinnsson

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
SAFNARÁÐ
Myndlistarsjóður


REYKJAVÍKUR
ART MUSEUM
LISTASAFN
HAFNARHÚS